

Nd.

1160. Breytingartillögur

[48. mál]

við frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Frá Friðriki Sophussyni, Stefáni Valgeirssyni, Svavari Gestssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Halldóri Blöndal, Stefáni Guðmundssyni, Eggert Haukdal, Kristínu S. Kvaran og Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. 3. gr. orðist svo:

Hvers kyns mismunun eftir kynferði er óheimil. Þó teljast sérstakar tímabundnar aðgerðir, sem ætlaðar eru til að bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna, ekki ganga gegn lögum þessum. Það telst ekki mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar eða barnsburðar.

2. 17. gr. orðist svo:

Fallist viðkomandi aðili ekki á tilmæli ráðsins skv. 16. gr. er ráðinu heimilt að höfða mál til viðurkenningar á rétti aðila í samráði við hann. Gildir það einnig þótt ekki sé um skaðabótakröfu að ræða.

3. 22. gr. orðist svo:

Félagsmálaráðherra skal leggja fyrir ríkisstjórnina framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn. Þar skal kveðið á um aðgerðir sem fyrirhugaðar eru til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Við gerð hennar skal höfð hliðsjón af áætlun Jafnréttisráðs, sbr. 2. tl. 15. gr.

Áætlun þessa skal senda öllum jafnréttisnefndum sveitarfélaga.

Áætlunina skal ráðherra leggja fyrir Alþingi til umræðu. Félagsmálaráðherra skal á tveggja ára fresti leggja fram á Alþingi skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála.